

Nd.

675. Nefndarálit

[47. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og sent það til umsagnar tveggja aðila: Félags einstæðra foreldra, sem lýsir stuðningi við málið, og Tryggingastofnunar ríkisins, en þaðan hefur engin umsögn borist.

Frumvarp til barnalaga var samið af sífjalaganefnd á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Höfð voru til hliðsjónar nýleg ákvæði Norðurlandabjóða um sama efni. Frv. var fyrst lagt fyrir Alþingi vorið 1976. Það var flutt fimm sinnum alls en varð að lögum vorið 1981. Lögin tóku gildi 1. janúar 1982.

Þau ákvæði barnalaga, sem um ræðir í þessu frv., eru mjög samtvinnuð löggjöf um almannatryggingar. Upplýst er að sú löggjöf er nú í heildarendurskoðun. Stjórnskipuð nefnd undir forustu Helga V. Jónssonar hrl. vinnur að því verkefni. Með hliðsjón af þessu m. a. leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 27. mars 1985.

Gunnar G. Schram,
form.

Friðjón Þórðarson,
frsm.

Páll Dagbjartsson.

Magnús Reynir Guðmundsson.

Stefán Guðmundsson.